

# What Does a School Mean to a Community?

## Assessing the Social and Economic Benefits of Schools to Rural Villages in New York

Thomas A. Lyson.

Rannsókn þessi snýst um mat á félags- og efnahagslegum áhrifum skóla á samfélag sitt, í dreifbýli í New York ríki.

Lyson gerir athugun á öllum samfélögum innan ríkisins sem falla undir dreifbýlisskilgreininguna þ.e. með 2500 eða færri íbúa. Þeim er skipt í tvo flokka, 500 eða færri íbúa (N=64) og 501-2500 íbúa (N=233). Úr rannsókninni er sleppt 60 „svefnhverfum,“ þ.e. þorpum í útjaðri New York borgar þar sem fasteignaverð og tekjur per íbúa er langtum hærra en í öðrum samfélögum af þessari stærð. Þetta er gert m.a. til þess að upplýsingar sem rannsóknin gefur séu yfirfæranlegri en ella.

Lyson ber síðan saman samfélög, þar sem er starfandi skóli og þar sem enginn skóli er lengur til staðar, í hvorum flokki fyrir sig. Hann byggir mat sitt á þáttum eins og fólksfjöldapróun, fasteignaverði, tekjum af sjálfstæðri atvinnustarfssemi, atvinnutækifærum í heimabyggð o.fl.

Helstu niðurstöður, í stuttu máli eru að félags- og efnahagsleg velferð er meiri í þeim samfélögum sem hafa skóla. Þetta er einkum áberandi í smæstu samfélögum.

Lyson dregur þær ályktanir af niðurstöðum sínum að tilvist skóla í byggðarlagi beri vott um félagslegan og efnahagslegan lífsþrótt þess og lokun þeirra virðist að sama skapi hafa í för með sér ákveðna uppgjöf í samfélaginu. Þetta sé mest áberandi í minnstu samfélögum sem hafi e.t.v. fátt annað til að sameinast um.

Hann bendir á að mikilvægt sé að stjórnvöld geri sér grein fyrir því að ef lokun skóla hafi þau áhrif að samfélagið verði ekki jafn lífvænlegt og áður, sé hætt við að þeir fjármunir sem sparist við lokunina glatist á ný í minnkandi útsvari, lækkuðu fasteignaverði og fækkun fyrirtækja. Lyson slær þó þann varnagla að hann sé ekki að reyna að halda fram að orsakasambandi sé í öllum tilvikum þetta, stundum sé lokun skóla bara eitt af merkjunum um deyjandi samfélag. En hann telur a.m.k. óhætt að fullyrða að tilvist grunnskóla sé eitt af merkjunum um lífsþrótt samfélagsins og sem slíkur geti hann haft mikla þýðingu fyrir framtíð þess.

Rannsóknin birtist í:

*Journal of Research in Rural Education*, Winter, 2002, Vol.17, No.3, 131-137

Fanney Ásgeirsdóttir tók saman niðurstöður.